

ÞINGGERÐ

38. ÞINGS U.M.S.K.

1961

PINGGERÐ

38. PINGS U.M.S.K.

Þ I N G G E R Þ

38. þings U. M. S. K.

1. Þingsetning. - 38. þing U. M. S. K. var haldið að Klébergi, Kjalarnesi, 12. marz 1961. Þingið var sett kl. hálf ellefu f. h. af for-
manni sambandsins, Páli Ólafssyni. Bauð hann þingfulltrúa velkomna
til starfa.

2. Kosning kjörbréfanefndar. - Kosningu hlutu Lárus Halldórsson,
Njáll Guðmundsson og Jóhann Lúthersson.

3. Álit kjörbréfanefndar. - Formaður kjörbréfanefndar, Lárus
Halldórsson, skýrði frá réttum kjörbréfum. Las hann upp nöfn þingfull-
trúa og kynnti þá.

Frá U. M. F. Afturelding:

Jón Magnússon,
Einar Kristjánsson,
Guðjón Hjartarson,
Ari V. Ragnarsson,
Jón M. Guðmundsson,
Lárus Halldórsson,
Viggó Valdimarsson, form.

Frá U. M. F. Drengur:

Bergur Magnússon,
Gísli Ellertsson,
Magnús Sæmundsson,
Njáll Guðmundsson,
Haraldur Jónsson,
Helgi Jónsson, form.

Frá U. M. F. Kjalnesinga:

Jón Ólafsson,
Sveinbjörn Björnsson,
Páll Ólafsson,
Jón Leví Tryggvason, form.

Frá U. M. F. Breiðablik:

Jón Ingi Ragnarsson,
Hörður Ingólfsson,
Hannes Alfonsson,
Bára Eiríksdóttir,
Jóhann Lúthersson,
Daði Eysteinn Jónsson.

Frá U. M. F. Bessastaðahrepps:

Ármann Pétursson

4. Kosning starfsmanna þingsins.

1. þingforseti: Jón M. Guðmundsson
 2. þingforseti: Jón Ólafsson
 3. þingforseti: Njáll Guðmundsson
- Ritarar: Stefán Rafn Eypórsson
 Ari V. Ragnarsson

5. Kosning kjörnefndar.

Ármann Pétursson,
Helgi Jónsson,
Viggó Valdimarsson,
Jón L. Tryggvason,
Jóhann Lúthersson.

6. Skýrsla stjórnar, reikningar o.fl. - Form. U. M. S. K., Páll Ólafsson, flutti skýrslu stjórnar. Drap hann á helztu verkefni stjórnarinnar á s.l. kjörtímabili, s.s. mót í frjálsum íþróttum, bridge, skák o.fl. Samkomur hélt sambandið engar á árinu.

Steinar Ólafsson, gjaldkeri sambandsins, las upp reikninga og skýrði þá.

Páll Ólafsson las síðan upp íþróttaskýrslu stjórnarinnar í föllum Samúels Guðmundssonar, ritara sambandsins. Kvað hann árangur á héraðsmótum hafa orðið góðan.

Þar eð sumir þingfulltrúar sátu að nefndarstörfum, meðan reikningar voru skýrðir, voru umræður um þá teknar upp að nýju, er nefndarstörfum var lokið. Lárus Halldórsson tók til máls og kvað villandi að telja ógreiddan styrk frá Kópavogskaupstað til gjalda, þannig að fjárhagurinn væri betri en skýrslan sýndi fljótt á litið. Forseti bar síðan reikninga undir atkvæði, og voru þeir samþykktir samhljóða.

7. Frá U. M. F. Í. - Tveir gestir heimsóttu héraðsþingið, þeir Skúli Þorsteinsson og Stefán Ól. Jónsson. Skúli Þorsteinsson flutti stutt ávarp. Ræddi hann aðallega um rit U. M. F. Í., Skinfxa, og óskaði U. M. S. K. góðs gengis.

Stefán Ól. Jónsson ræddi um starfsíþróttir á fyrirhuguðu landsmóti í sumar. Sú nýlunda verður tekin upp, að lagður verður ákveðinn fjöldi spurninga fyrir keppendur, og fá þeir að keppa, ef þeir standast þá prófraun. Ný keppnisgrein verður tekin upp, en það er plöntugreining.

8. Frá Í. S. Í. - Þessi dagskrárliður féll niður. Í staðinn kemur hér eftirfarandi frá F. R. Í. Forseti bað Lárus Halldórsson að segja fréttir frá F. R. Í., en hann var einn af fulltrúum sambandsins á þingi F. R. Í. Minntist Lárus á tillögur, er þar komu fram, m. a. íþróttaviku F. R. Í. Hann tilgreindi lágmarksafrek, er þyrfti til þess að hljóta stig og drap á breytingar á stjórn F. R. Í. Lárus afhenti varaformanni U. B. K. verðlaun, er nokkrir félagar höfðu hlotið í keppni á Unglinga- og sveinamóti Íslands s. l. sumar. Flutti hann þeim einnig kveðjur og árnaðaróskir F. R. Í.

9. Álit kjörnefndar um þingnefndir.

Allsherjarnefnd:

Njáll Guðmundsson,
Viggó Valdimarsson,
Jóhann Lúthersson,
Páll Ólafsson,
Einar Kristjánsson,
Haraldur Jónsson,
Lárus Halldórsson.

Fjárhagsnefnd:

Steinar Ólafsson,
Grétar Kristjánsson,
Sveinbjörn Björnsson.

Laga- og skipulagsnefnd:

Lárus Halldórsson,
Daði Jónsson,
Magnús Sæmundsson.

Landsmóts- og íþróttanefnd:

Ármann Pétursson,
Guðjón Hjartarson,
Jón Ingi Ragnarsson,
Hannes Alfonsson.

10. Landsmótið. - Páll Ólafsson ræddi um landsmótið, sem halda á að Laugum í júlí n.k. Fyrirhugað er að reyna að senda handknattleikslíð og frjálsíþróttamenn og sömuleiðis keppendur í starfsíþróttum.

Ármann Pétursson tók næst til máls og las upp reglur og fyrirkomulag landsmótsins.

11. Slysaftryggingar. - Formaður sambandsins, Páll Ólafsson, kvað U.M.S.K. hafa gert samning þ. 1. júlí 1960 við Í.B.R. um greiðslu úr slysaftryggingasjóði félagsins fyrir 100 menn, er bundin væri við nöfn. Voru 30 nöfn send og greitt til áramóta. Las hann síðan upp bréf frá Í.B.R., þar sem Í.B.R. kveður sig ekki greiðsluskylt áfram, nema iðgjöld verði endurnýjuð. Hann las einnig upp bréf frá tryggingarsjóði Í.S.Í. Forseti vísaði málinu síðan til laga- og skipulagsnefndar, er enginn hafði kvatt sér hljóðs.

12. Kvikmyndasýningar í félagsheimilum. - Framsögumaður, Gunnar Sigurðsson, kvað ýmsum örðugleikum bundið að koma á fót kvikmyndasýningum í félagsheimilum, einkum úti á landi, auk andstöðu kvikmyndahúsanna, en hægt mundi að fá allar gerðir af vélum. Taldi Gunnar heppilegast, að félagsheimilin byndust samtökum um útvegum á sýningarvélum. Kvað hann ló filmurnar hentugastar, vegna þess að þær mætti líma saman og koma í veg fyrir hlé vegna skipta á spólum, en auk þess væru mjófilmurnar hentugri í flutningi. Gunnar kvað kostnað-

inn við 16 mm vélarinnar miklu minni en við stórar vélar, en auk þess væru fræðslumyndir Fræðslumálaskrifstofunnar af þeirri gerð, og kvað hann myndasafn hennar mjög gott.

Að loknu máli sínu flutti Gunnar tillögu, sem síðar verður getið. Forseti kvað umræður verða seinna og vísaði tillögunni til allsherjarnefndar.

13. Saga sambandsins og undirbúningur undir afmælistót samb. Framsögumaður, Ármann Pétursson, ræddi um sögu sambandsins og undirbúning undir afmælistót þess. Ræddi hann aðallega um afmælisrit sambandsins, sem fyrirhugað er, að komi út á næsta ári. Kvað hann ritstjóra vanta myndir og upplýsingar um starfsemina frá síðari árum.

Gunnar Sigurðsson tók til máls og benti á ýmis atriði, er hann taldi að ritstjóri ætti að kynna sér. Taldi hann, að ritstjóri ætti að fá aðgang að fundargerðarbókum félaganna.

14. Ýmis mál til nefnda. - Hannes Alfonsson kvaddi sér hljóðs og talaði um bridgekeppni. Kvað hann keppnir of tímafrekar og lagði til að fækkað yrði í riðlum, en keppendum þó fjölgað. Fleiri tóku ekki til máls. Forseti vísaði málinu til félagsmálanefndar.

Að loknum þessum lið voru lesnar upp skýrslur félagsstjórna. Báru skýrslurnar vott um lífrænt starf hjá félögunum.

15. Nefndaálit. Landsmóts- og íþróttanefnd.
Framsögumaður Guðjón Hjartarson.

1. Um íþróttaviku F.R.Í. Þskj. 2
2. Um íþróttakappleiki við félög
í öðrum héruðum Þskj. 3
3. Um sýningarleik í handknattleik Þskj. 4
4. Keppnisfyrirkomulag í knattspyrnu Þskj. 5
5. a) Ráða þjálfara Þskj. 6
- b) Um íþróttabúning
- c) Um fána

Laga- og skipulagsnefnd

Framsögum. Lárus Halldórsson.

1. Viðbótartillaga við 5. gr. U.M.S.K.... Þskj. 7
2. Um slysatryggingarsjóð Þskj. 8

Allsherjarnefnd

Framsögum. Njáll Guðmundsson.

1. Um starfsípróttir Þskj. 9
2. Hópfærð á landsmótið Þskj. 10
3. Árnaðaróskir til handknattleikslíðs Ís-
lendinga í heimsmeistaram. Þskj. 11
4. Um gönguferð Þskj. 12
5. 40 ára U.M.S.K. Þskj. 13

Félagsmálanefnd

Framsögum. Jón Leví Tryggvason.

1. Kvikmyndasýningar í félagsh. Þskj. 14
2. a) Þakkir til styrkveitenda Þskj. 15
- b) Um hækkuð framlög
- c) Saga sambandsins
- d) Kjósa nefnd v/bridgemóta
- e) Um skákmót
- f) Um skemmtanalíf

Fjárhagsnefnd

Framsögum. Steinar Ólafsson.

1. Fjárhagsáætlun Þskj. 16

Skipulagsnefnd bridgemóta

(sbr. þskj. 15 d)

Guðmundur Magnússon,
Bjarni Jónsson,
Njáll Guðmundsson,
Hannes Alfónsson,
Einar Ólafsson.

16. Stjórnarkjör og aðrar kosningar.

Form.: Páll Ólafsson

Varaform.: Steinar Ólafsson

Meðstjórnendur: Samúel Guðmundsson,
Stefán Rafn Eypórsson,
Sigurður Skarphéðinsson.

Varamenn: Njáll Guðmundsson,
Bjarni Þorvarðsson,
Hafsteinn Árnason,
Tómas Sturlaugsson,
Björgvin Guðmundsson.

Endurskoðendur:

Lárus Halldórsson,
Ólafur Ág. Ólafsson.

Til vara: Guðjón Hjartarson,
Jón Ólafsson.

Héraðsdómstóll:

Gísli Andrésson.

Fjáröflunarnefnd:

Tómas Sturlaugsson,
Magnús Sæmundsson,
Björgvin Guðmundsson,
Jóhann Jónsson,
Jón Ólafsson.

Fulltrúar á þing F. R. Í.:

Lárus Halldórsson,
Axel Jónsson,
Hörður Ingólfsson.

Varamenn: Sigurður Grétar Guðmundsson,
Steinar Ólafsson,
Njáll Guðmundsson.

Fulltrúar á þing K. S. Í.:

Björgvin Guðmundsson,
Grétar Kristjánsson.

Varamenn: Sigurður Guðmundsson,
Sigmundur Eiríksson.

Fulltrúar á þing H. S. Í.:

Ásbjörn Sigurjónsson,
Jón M. Guðmundsson.

Varamenn: Guðjón Hjartarson,
Skúli Skarphéðinsson.

Fulltrúi á þing Í.S.Í.:

Axel Jónsson.

Varamaður: Sig. Gunnar Sigurðsson.

Fulltrúar á þing U.M.F.Í.:

Páll Ólafsson,
Lárus Halldórsson,
Steinar Ólafsson.

Varamenn: Sig. Grétar Guðmundsson,
Guðjón Hjartarson,
Helgi Jónsson.

Fulltrúi á þing S.S.Í.:

Unnar Jónsson.

Varamaður: Sig. Gunnar Sigurðsson.

Íþróttaráð: Janus Eiríksson,
Unnar Jónsson,
Sveinbjörn Björnsson,
Ólafur Þór Ólafsson,
Hildimundur Sæmundsson.

Varamenn: Sverrir Jónsson,
Grétar Kristjánsson,
Jón Ólafsson,
Magnús Sæmundsson,
Stefán Rafn Eypórsson.

17. Þingslit. - Að loknum kosningum gat forseti þess, að sögunefnd starfar áfram með stjórninni.

Forseti fór þess að lokum á leit við þingið, að ritarar fengju að skila þinggerð seinna, þar eð starf þeirra væri það umfangsmikið, að ógerningur væri að ljúka því á þinginu.

Forseti þakkaði þingfulltr. gott samstarf og heimamönnum góðar veitingar. - Þar næst sleit forseti 38. þingi U.M.S.K.

Stefán Rafn Eypórsson
ritari

Ari V. Ragnarsson
ritari

ÞINGSKJÖL

38. þings U. M. S. K. 1961

Þingskjal I.

Dagskrá:

1. Þingsetning
2. Kosin kjörbréfanefnd
3. Álit kjörbréfanefndar
4. Kosning starfsmanna þingsins
5. Kosning kjörnefndar
6. Skýrsla stjórnar, reikningar o. fl.
7. Frá U. M. F. Í.
8. Frá Í. S. Í.
9. Álit kjörnefndar um þingnefndir
10. Landsmótið
11. Slysatryggingar
12. Kvikmyndasýningar í félagsheimilum
13. Saga sambandsins og undirbúningur undir afmæli samb.
14. Ýmis mál til nefnda
15. Nefndaálit
16. Stjórnarkjör og aðrar kosningar
17. Þingslit

Þingskjal II.

38. þing U. M. S. K. skorar á einstök sambandsfélög að taka þátt í íþróttaviku F. R. Í. Jafnframt beinir þingið því til stjórnarinnar að veita því félagi viðurkenningu, er beztum árangri nær í þeirri keppni.

Þingskjal III.

38. þing U. M. S. K. felur stjórn sambandsins að stuðla áfram að því að efnt verði til íþróttakappleikja við félög í öðrum héruðum.

Þingskjal IV.

38. þing U. M. S. K. beinir því til landsmótsnefndar og stjórnar U. M. F. Í., að efnt verði til sýningarleiks í handknattleik karla á landsmótinu að Laugum.

Þingskjal V.

38. þing U. M. S. K. skorar á stjórn sambandsins að breyta þannig keppnisfyrirkomulagi héraðsmótsins í knattspyrnu að leiknár verði tvær umferðir (heima og að heiman), og markafjöldi ráði úrslitum, verði félag jöfn að stigum.

Þingskjal VI.

38. þing U. M. S. K. felur stjórn sambandsins eftirfarandi:

1. Að ráða þjálfara í þeim íþróttagreinum, sem sambandið sendir keppendur í á landsmótið.
2. Að hlutast til um að samræmd verði innkaup á íþróttabúningum fyrir keppendur landsmótsins með tilliti til þess að allir keppendur sambandsins klæðist samlitum búningi og einnig með tilliti til hagkvæmari innkaupa.
3. Að gerður verði fáni (eða merki br. tillaga) til þess að bera fyrir hópöngu þátttakenda á landsmótinu.

Þingskjal VII.

Viðbótartillaga við 5. grein sambandslaga:

Á eftir orðunum, "þá skal kjósa 2 endurskoðendur og 2 til vara", komi: "Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt, þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar."

Þingskjal VIII.

Þar sem slysatryggingasjóður Í. S. Í. mun ekki taka til starfa á þessu ári, samþ. 38. þing U. M. S. K. að fela stjórn sambandsins að halda áfram tryggingu íþróttamanna U. M. S. K. á sama grundvelli og s. l. ár. Jafnframt samþ. þingið, að hver íþróttamaður, sem tryggður er, greiði sjálfur iðgjald sitt. Náist ekki tilskilinn fjöldi íþróttamanna -100 manns samkv. kröfu Í. B. R. - greiði U. M. S. K. hálf þá upphæð, sem á vantar, en félag hinna tryggðu skipti hinum helmingnum að jöfnu á milli sín.

Þingskjal IX.

38. þing U. M. S. K., haldið að Klébergi 12/3 '61, telur starfsíþróttir gegna stóru hlutverki til fræðslu æsku landsins. Þess vegna

skorar þingið á væntanlega stjórn sambandsins að gera starfsíþróttamótin fjölþættari og taka upp fleiri keppnisgreinar t.d. plöntugreiningu. Ennfremur felur þingið stjórn sambandsins að vinna að því, að U.M.S.K. sendi keppendur í starfsíþróttir á landsmót U.M.F.Í. að Laugum að sumri komanda.

Þingskjal X.

38. þing U.M.S.K. felur stjórn sambandsins að undirbúa hópferð á landsmótið að Laugum í sambandi við för íþróttamanna þangað.

Þingskjal XI.

38. þing U.M.S.K. sendir landsliði Íslendinga í handknattleik árnaðaróskir vegna ágætrar frammistöðu í heimsmeistarakeppninni.

Þingskjal XII.

38. þing U.M.S.K. telur rétt að félög innan sambandsins gangist fyrir sameiginlegum ferðum um nágrennið. Vill þingið leggja til að fyrsta förin yrði gönguferð á Esju. Mun það vera hugleikið mörgum þeim sem unna fegurð landsins.

Þingskjal XIII.

38. þing U.M.S.K. felur stjórn sambandsins að minnst 40 ára afmælis sambandsins með samkomu næsta vetur í febrúar eða marz. Einnig telur þingið æskilegt að íþróttamót sambandsins 1962 verði afmælistmót og verðlaun fyrir beztu afrek veitt í samræmi við það.

Þingskjal XIV.

38. þing U.M.S.K. felur fulltrúum sínum á sambandsþingi U.M.F.Í. 1961, að þeir athugi þar möguleika á stofnun samtaka félagsheimilanna til fyrirgreiðslu á kvikmyndasýningum í þeim.

Þingskjal XV.

38. þing U.M.S.K. þakkar sýslunefndum Gullbringu- og Kjósarsýslu, bæjarstjórn Kópavogs og Búnaðarsambandi Kjalarnesþings fyrir veittan fjárstyrk.

38. þing U.M.S.K. felur stjórninni að sækja um hækkun fram-

lög til bæjarstjórna og sýslunefnda.

38. þing U. M. S. K. beinir eindregnum tilmælum til einstakra félaga innan sambandsins að safna gögnum í sögu sambandsins.

38. þing U. M. S. K. samþykkir að kjósa nefnd, sem gengur frá fyrirkomulagi bridgemóta í samráði við sambandsstjórnina. Nefndin sé skipuð einum manni frá hverju félagi.

38. þing U. M. S. K. samþykkir að fela stjórninni að sjá um, að skákmótunum sé lokið fyrir áramót hvert ár.

38. þing U. M. S. K. skírskotar til samþykktar síðasta þings um skemmtanalíf innan félaganna.

Þingskjal XVI.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 1961

Tekjur:

1. Styrkur úr sýslusjóði Kjósarsýslu	Kr. 10.000,00
2. " " " Gullbringusýslu	" 2.000,00
3. " " Bæjarsjóði Kópavogs	" 6.000,00
4. " frá Búnaðarsamb. Kjalarnesþ.	" 1.000,00
5. Skattur frá sambandsfélögum	" 4.100,00
6. Vaxtatekjur	" 1.400,00
7. Tekjur af fjáröflunarsk.	" 6.500,00
	<hr/> <hr/>
	Kr. 31.000,00

Gjöld:

1. Kostn. við héraðsþing	Kr. 1.500,00
2. Styrkur til íþróttta, bridge o.fl.	" 16.000,00
3. Skattur til U. M. F. Í. og Í. S. Í.	" 3.500,00
4. Kostn. við tryggingar og íþróttam.	" 3.000,00
5. Verðlaunagripir	" 2.000,00
6. Annar kostnaður	" 5.000,00
	<hr/> <hr/>
	Kr. 31.000,00